




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Vesturborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Norðurbæjar, Miðbæjar og Suðurbæjar.....	4
3 Ytra mat	8
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
6 Foreldrasamvinna.....	11
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
8 Fylgigögn.....	12
8.1 Fylgiskjal 1 – Dagatal 2020-2021	12
8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	12



Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið er búið vera algjörlega einstakt. Fyrir áramót einkenndist það af mikilli samvinnu, stefnumótun og fræðslu en varð svo fordæmalaust eftir áramót. Verfall Eflingar varð til þess að tveimur deildum af þremur var lokað og svo fylgdi Covid-19 faraldurinn í kjölfarið sem gerði það að verkum að ekki náðist að framfylgja öllum þeim áætlunum sem við höfðum þetta árið. Við erum þó mjög ánægð með það sem náðist að gera og gekk starfið mjög vel allt árið og á starfsfólkið okkar mikið hrós skilið sem og foreldrar fyrir að hafa sýnt mikla þolinmæði og skilning.

Fyrir áramót var Petrína leikskólastjóri og Ella fyrrverandi aðstoðarleikskólastjóri var innan handar. Íris kom svo í janúar beint inn í fordæmalaus tíma. Stjórnendahópurinn allur var mjög samstilltur og gekk samstarfið mjög vel. Við höfum verið í mikilli vinnu við að fjölga leikskólakennurum og voru tveir í leikskólakennaranáminu í vetur og verða þeir 3 næsta vetur og útlit er fyrir að það fjölgi enn í hópnum á næstu árum.

Árið byrjaði á því að kennarar fluttu sig og börnin á milli deilda þar sem yngsta deildin var ekki opnuð fyrr en í október því ekki hafði náðst að ráða deildarstjóra. Aðlögunin gekk vel en þetta var mikil breyting að fara svona á milli deilda og hefðum við átt að undirbúa það aðeins betur. Við innleiddum ýmsar breytingar t.d. skapandi föstudaga, hófum Menntastefnuverkefnið okkar um félagsfærni með Vöndu Sigurgeirsdóttur og tókum talsverðan tíma í að marka okkur stefnu varðandi málörvun. Við teljum að það sé einn af þeim þáttum sem er hvað mikilvægastur í þessu fjölbreytta samfélagi sem við búum í og viljum gera okkar allra besta í þeim efnum. Það stefnir í að 40% af börnunum í leikskólanum verði tví- eða fjöltyngd næsta skólaár. Við erum það heppin að við höfum fengið til liðs við okkur talmeinafræðing sem starfar hjá okkur sem sérkennslustjóri og talmeinafræðingur svo stefnan er á að nýta hennar sérþekkingu inn í starfið.

Þetta ár hefur verið mjög lærdómsríkt og höfum við þurft að aðlaga okkur að ýmsum breytingum hratt og vel. Þrátt fyrir krefjandi tíma þá erum við ánægðar með árangurinn í vetur og hlökkum til næsta skólaárs.

Íris Arnardóttir og Kristín Petrína Pétursdóttir



2 Innra mat Norðurbæjar, Miðbæjar og Suðurbæjar

Föstudagsflæði og skapandi föstudagur: Samkvæmt síðustu starfsáætlun var ákveðið að hefja þróun á svokölluðum skapandi föstudegi. Hann átti koma í stað föstudagsflæðis og vera einusinni í mánuði. Starfsfólk virtist óruggt með hlutverk sín í föstudagsflæði og átti skapandi föstudagur að koma þar í staðin. Hins vegar kom á daginn að föstudagsflæði er vinsælt á meðal nemenda og leitt að taka það af þeim. Það er einn dagur í viku þar sem börnin geta leikið þvert á deildir. Frjáls leikur er gríðarlega mikilvægur fyrir félagsþroska barna og ákváðum við því að halda flæðinu inni. Skapandi föstudagar eru einu sinni í mánuði en flæði hina föstudagana. Föstudagsflæði var að mestu á milli Miðbæjar og Norðurbæjar og gekk líka glimrandi vel. Föstudagsflæði er enn í stundatöflu og mun vera þar áfram.

- **Styrkleikar.** Skapandi föstudagar gengu mjög vel. Verkefnin sem kennarar undirbjuggu voru gríðarlega fjölbreytt og skemmtileg. Framkvæmd gekk mjög vel.
- **Tækifæri til umbóta.** Skapandi föstudagur fór fram í báðum byggingum skólans. Það krafðist þess að valstjóri var mikið á hlaupum og nemendur að fara í og úr skóm og hlaupa á milli í allskonar veðrum. Lausn á því er að Norðurbær fer í sitt eigið skapandi starf í Suðurbæjarbyggingu á Skapandi föstudögum og eldri deildir fá þá alla aðalbygginguna undir Skapandi föstudaga.

Þemavinna: Þemavinnan var skoðuð og var áætlunin að skipuleggja hana betur, finna lög, bækur o.fl. Hver deild og þau börn sem það gátu áttu að útbúa lista af hugmyndum, lögum, bókum og fl. sem átti að vera til taks fyrir næstu ár. Þannig væri hægt að bæta í eftir því sem hugmyndum fjölgar. Hins vegar þegar kom að skipulagningunni áttuðum við okkur á að það væri kannski ekki betra að hafa þetta allt skipulagt. Það væri í raun betra að hafa rými til þess að fara eftir áhuga barnanna og ekki að festa sig við ákveðinn efnivið. Þemavinnan gekk mjög vel fyrir áramót og líka í þennan stutta tíma sem við höfðum eftir áramót og var verið að vinna mikið með bækur, sönglög, leiki, skapandi verkefni o.fl. sem tengdust þemanu en hins vegar var líka verið að nýta áhuga barnanna og vinna með það sem þeim var hagleikið. Þannig fengu þau að hafa áhrif á nám sitt og kennarar gripu á lofti þann áhuga sem nemendur sýndu og fléttu inn í hópastarfið. Því teljum við að það hafi verið góð ákvörðun að setja þetta ekki fast niður.

Matartímar: Við höfum skilgreint hvað það er sem við viljum að börnin fái út úr matartímunum og höfum verið nokkrum tíma í það í vetur að finna út hvað það er sem við viljum leggja áherslu á. Við höfðum verið í miklu tilraunastarfi með matartímana t.d. prófuðum ýmis konar flæði og matsal en komumst að þeirri niðurstöðu að við viljum leggja áherslu á málörvun og sjálfshjálp. Við teljum að þau börn sem eru hvað verst sett í sambandi við tungumálið séu ekki að fá nægilega mikla örvun þegar



enginn kennari er á borði og missi þar af leiðandi af dýrmætum tækifærum til þess að læra ýmislegt í sambandi við matinn og annan orðaforða sem notaður er við matarborðið. Við eigum eftir að útfæra þetta aðeins betur og munum vinna áfram með þetta næsta skólaár.

Félagsfærni: Á síðasta námsári innleiddum við þáttinn félagsfærni af menntastefnu Reykjavíkurborgar. Hófst þá greining á samskiptum á milli kennara og nemenda sem og greining á félagslegri stöðu barna innan nemenda hópsins.

- **Styrkleikar:** Kennarar urðu meðvitaðri um samskiptin sín við nemendur eftir greininguna. Kennarar voru líklegri til þess að bæta samskipti sín meðvitað við börn sem þurftu sérstaklega á því að halda. Mælingarnar fóru fram á deildarfundum, reglulega fyrir áramót.
- **Tækifæri til umbóta:** Við teljum að best væri að starfsfólk sé búið að svara greiningu fyrir deildarfundum, svo ekki fari of mikill tími í að fylla út skjalið. Vegna verkfalls og Covid19 datt greining niður eftir áramót og frekari vinna náðist ekki á skrið. Þess vegna teljum við mikilvægt að halda þessari vinnu á fram á næsta ári og þróa enn frekar.



Þáttur	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Menntastefnan Félagsfærni	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Innleiða þáttinn félagsfærni inn í starfið og námskrá.	Hver starfsmaður metur reglulega samskipti sín við hvern og einn nemanda. Félagsleg staða barnanna á deildinni greind: Athuga hverjir eru jákvæðir leiðtogar, neikvæðir leiðtogar, týnd, hafnað og venjuleg.	Greining á barnahópnum gerð eftir aðlögun að hausti. Unnið úr niðurstöðum hvernar deildar á starfsdegi og er unnið að þessu allt árið. Aðgerðum komið markvisst inn í dagskipulag og svo unnið aukalega með þau börn sem eru í týnda hópnum, hafnað og neikvæðu leiðtogunum í samstarfi við foreldra.	Deildarstjórar bera ábyrgð og undirbúa lista fyrir hvern deildarfund Allir framkvæma	Við söfnum gögnum um stöðu hvers barns. Farið er yfir stöðu þeirra barna sem unnið er aukalega með á deildarfundum tvisvar á önn. Framgangur verkefnis ræddur á stjórnendafundi tvisvar á önn og þá hvort við þurfum að breyta/bæta eitthvað. Verkefnið svo metið af starfsfólki á síðasta starfsdegi að vori. Stjórnendur vinna að	Viðmiðið er að við höfum náð að fækka þeim börnum sem flokkast í týnd og hafnað og gera neikvæðu leiðtogana að jákvæðum leiðtogum. Að það sé kominn kafli um félagsfærni í námskrá.



Menntastefnan Læsi					kafla um félagsfærni í námskrá.	
	Innleiða TMT inn á allar deildir.	Tökum fyrir þrjú tákni á viku sem kennarar og starfsfólk nota í daglegum samskiptum Börn og starfsfólk fá sit eigið tákni Leggjum inn tákni sem tengjast daglegum athöfnum í leikskólanum	Hefst á hausti og kynnt á fyrsta starfsdegi þann 24. ágúst	Sérkennslustjórnari og deildarstjórnari bera ábyrgð Allir framkvæma	Meta hvernig gekk með viðhorfskönnun starfsfólks	Niðurstaða könnunar og regluleg athugun af sérkennslustjórnara hvort verið sé að nota
Matartíminn	Matartíminn nýttur til málörvunar og notalegrar stundar milli nemenda og kennara	Fara frá flæði í fasta hópa við borð. Kynna starfsfólki mikilvægi matartíma til málörvunar	Rætt með öllum starfsmanna-hópnum á starfsdegi að hausti.	Allir framkvæma	Endurmetið á starfsdegi eftir áramót og skoðað hvernig til hefur tekist að móta sameiginlega sýn og vinnubrögð í matartíminum.	Að allir vinni að sömu markmiðum í matartíminum og að fólk sé ánægt með framkvæmd matartímanna.
Skilafundur innan leikskólans- Aðlögun á milli deilda	Nemendum sé skilað formlega með skilafundum á milli deilda, til þess að aðlögun fari sem best fram og upplýsingar skili	Deildarstjórnari skila einstaklingsnámskrá og funda sín á milli um nemendur og kynna svo	Hefst í ágúst, eftir sumarfrí, verður að vera lokið áður en aðlögun hefst, 21. ágúst	Deildarstjórnari bera ábyrgð. Allir þurfa að kynna sér þau gögn sem fylgja með á milli deilda.	Metið á fyrsta starfsdegi með könnun á meðal starfsfólks um ágæti formlegra	Viðmið um árangur er hvort það náist að undirbúa áætlanirnar og skila hverjum nemenda á



	sér rétt og örugglega á milli.	starfsmönnum á deild. Deildarstjórar funda um nemendur, styrkleika, áhugamál, þætti sem þarf að vinna með, hópaskipti o.þ.h. Kynnt fyrir starfsmönnum formlega á deildarfundum			skilafunda og kynningu fyrir starfsfólk	fundi fyrir 21. ágúst
--	--------------------------------	---	--	--	---	-----------------------

3 Ytra mat

Reykjavíkurborg lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir áramót. Könnunin er samstarfsverkefni mannauðsdeildar og allra sviða borgarinnar. Tilgangurinn er einkum að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að bæta árangur í starfsmannamálum og gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað.

Niðurstöður könnunarinnar er að við komum vel út og erum að hækka frá fyrri könnun í öllu nema þegar spurt er um álag, þá stöndum við í stað. Markmiði okkar um að auka þátttöku í könnunum um starf skólans náðist að hluta til. Þar síðasta könnun var ekki marktæk þar sem svo fáir svöruðu. Í ár svöruðu 43% þrátt fyrir að deildarstjórar hefðu gefið hverjum starfsmanni tíma til þess að taka þátt. Markmiðið okkar var að 80% myndu svara en því miður náðist það ekki. Við höldum því áfram að hvetja fólk til að taka þátt í könnunum og láta rödd sína heyrast.

Markmiðið okkar um að gera foreldrum kleift að koma með fleiri hugmyndir inn í starfið gekk vel og fengum við nokkrar hugmyndir, ábendingar og hrós í hugmyndakassana. Við ætlum að halda áfram með hugmyndakassana og hvetja foreldra til að nýta þá.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auglýsa betur þegar ytra mat hjá starfsmönnum er gert og fylgja því eftir að könnunum sé svarað	Að auka þátttöku i könnunum um starf skólans til þess að fá upplýsingar um hvað má bæta. Þátttaka þessa árs var sú að aðeins 4 tóku þátt og niðurstöðurnar því ekki marktækar.	Þegar könnun kemur gefur hver deild starfsfólki sínu tíma til þess að svara könnuninni.	Þegar næsta könnun verður gerð og framvegis.	Leikskólastjóri	Niðurstöður koma í ljós eftir næstu könnun.	Viðmiðið er að allavega 80% starfsfólks taki þátt í könnuninni. Við stefnum samt á 100% þátttöku.
Að auka jákvæðni og gleði í starfinu	Þar sem álagsþátturinn kom ekki nægilega vel út hjá okkur í könnuninni langar okkur að vinna með gleði og jákvæðni næsta vetur.	Setja upp hugmynda-kassa í kaffistofu og fá fram hugmyndir starfsmanna hvernig hægt er að efla liðsheild og hugmyndir til þess að gera vinnustaðinn enn betri.	Búum til hugmynda-kassa og kynnum hann á haustfundi. Fáum fyrirlestur um samskipti. Verkefni þar sem starfsmenn hengja upp hvað þeim finnst gott við Vesturborg.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar.	Fara yfir hugmyndir úr kassanum og koma þeim í framkvæmd ef mögulegt er.	Að við getum nýtt hugmyndir starfsmanna til þess að auka gleði og efla liðsheild.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl:

Starfsmannasamtölin voru snerpusamtöl sem tekin voru um miðjan maí. Samtölin voru um 20 mínútur hvert. Í samtölunum kom fram almenn ánægja meðal starfsfólks og var starfsfólkið ánægt með snerpuviðtölin. Þar upplýsti Íris starfsfólkið einnig um ýmsar breytingar og áherslur og var rætt um markmið og líðan í vinnunni.

Fræðsla sem áætluð er fyrir næsta starfsár:

- Fræðsla um samskipti/jákvæðni á vinnustað.
- Fara á námskeið í tengslum við Erasmus+ sem tengist fagmennsku kennara.
- Áframhaldandi fræðsla og vinna í sambandi við Menntastefnu Reykjavíkur.
- Námskeið um Lubbi finnur málbein.
- Fræðsla á sameiginlegum starfsdegi 10.maí.
- Námsferð erlendis.

Fræðsla á starfsdögum:

23.8.19 var fjallað um starf vetrarins og einnig kynning á Mannréttindastefnu Reykjavíkur, starfsáætlun, jafnréttisáætlun og brunaáætlun.

27.9.19 hélt Vanda Sigurgeirsdóttir fræðsluerindi um félagsfærni og vann svo með deildum að skipulagningu Menntastefnu verkefnisins á öllum deildum fyrir hádegi. Eftir hádegi var skyndihjálparnámskeið.

6.11.19 hélt Kristín Einarsdóttir fræðsluerindi um einingakubbana.

7.2.20 fórum við öll saman á ráðstefnu í tilefni af Degi leikskólans.

Önnur fræðsla:

Leikskólastjóri tók þátt í Mastermind námslotum fyrir stjórnendur sem og forystunámi.

Aðstoðarleikskólastjóri (sem starfaði sem leikskólastjóri fyrir áramót) fór í þrjá tíma í markþjálfun í tengslum við verkefnið Vellíðan á vinnustað. Hún tók einnig þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra, hverfisfundi Barnaverndar 3.10.19, kynningarfundum fyrir nýja stjórnendur hjá Reykjavíkurborg 16.9.2019, námskeiðsdegi leikskólastjóra 11.10.19, Sap námskeiði 15.10.19, Stjórnendadeginum 1.11.2019 og ráðstefnu um vinnuumhverfi 4.11.2019. Ásamt þessu var hún í námi í Stjórnun menntastofnana.



Sérkennslustjóri fór á námskeiðið Skráning og þjálfun hjá Greiningarstöð og hverfisfund Barnaverndar 3.10.2019 og fór á þjálfunarnámskeið á vegum Greiningarstöðvar.

Tveir deildarstjórar fóru á TRAS námskeið

Einn deildarstjóri fór á Lubba ráðstefnu 3.október 2019.

Tveir deildarstjórar eru í námi. Annar er í B.Ed. í leikskólakennarafræðum og hinn í M.Ed. í leikskólakennarafræðum.

Við tókum þátt í verkefninu Velliðan á vinnustað á vegum mannauðsdeildar Skóla og frístundasviðs. Í verkefninu fengu stjórnendur ýmsa gagnlega fræðslu.

Allir stjórnendur fóru á fund með tveimur fulltrúm Miðju máls og læsis þar sem farið var yfir hvað hver deild var að gera og fengu frábær ráð til þess að gera starfið enn betra.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Vesturborgar við Melaskóla er í sífelldri þróun en við höfum ekki náð að festa skipulagið nógu vel niður. Það er ekki komin tímasett áætlun, en það verður fundur í ágúst til þess að gera það.

Elstu börnin fara þrisvar sinnum í heimsókn í Melaskóla, í íþróttatíma, á bókasafnið og heimsókn inn í bekk og svo í frístundamiðstöðina. Í fyrra var sú nýbreytni að börnin sem voru í Vesturborg síðasta skólaár komu í heimsókn ásamt öðrum börnum úr fyrsta bekk og gekk það mjög vel.

Í sambandi við skil á milli skólastiga eru skilafundir vegna barna sem njóta sérkennslu á vorin og svo almennir skilafundir þar sem leikskólakennari hittir alla kennara fyrsta bekks og forstöðumenn frístundar og fer yfir barnahópinum í september. Ákveðið var að börnin myndu fylla út litla „bók“ og mæta með í fyrsta viðtal í Melaskóla. Í bókinni teikna þau mynd af sér, skrifa nafnið sitt og skráð svör þeirra við nokkrum spurningum s.s. hvað barninu finnst skemmtilegast að gera og í hverju það er duglegast. Auk þess skilum við HLJÓM-2 niðurstöðum allra barnanna í skólann.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinnan byggist upp á daglegum samskiptum þegar börnin eru að koma og fara. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti börnunum og að það sé alltaf hægt að ræða við deildarstjóra. Það eru ýmsar upptökur þar sem foreldrar koma í leikskólann t.d. ömmu og mömmukaffi, afa og pabbakaffi, piparkökuskreytingar, sýningar, sumarhátíð og tiltektardagur að vori þar sem foreldrar mæta og taka til hendinni í garðinum og stinga upp grænmetisbeði með starfsfólki og börnum. Eftir áramót var þó tiltektardagurinn blásinn af og einnig þátttaka foreldra í sumarhátíð vegna Covid-19.



- **Foreldraráð:** 2 fulltrúar. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Kosið að hausti.
- **Foreldrafundur:** Við vorum með haustfundi á deildum til að kynna starf hvernar deildar. Í ár brydduðum við upp á þeirri nýjung að kynning á leikskólanum var sameiginleg fyrir alla foreldra og svo fóru foreldrar inn á deildar og deildarstjórar kynntu starf hvernar deildar þar. Við ákváðum að hafa kynninguna á starfsdegi og gekk vel.
- **Foreldraviðtöl:** Foreldraviðtöl voru tvisvar eitt að hausti og eitt að vori. Fyrri viðtalið var í lok október og seinna í lok maí. Í foreldrasamtali að hausti taka foreldrar þátt í að setja markmið í einstaklingsnámskrá barnsins. Foreldrasamtöl voru með hefðbundnu sniði fyrir áramót þar sem deildarstjórar og foreldrar hittust og ræddu saman en samtölin eftir áramót voru í síma vegna Covid-19. Deildarstjórum fannst ekki myndast nægileg nánd og samræður fóru ekki í flug þegar rætt var saman í síma. Þetta varð meiri upplýsingagjöf heldur en samræður og er það mat deildarstjóra að nýta ekki þennan samskiptamáta aftur í foreldrasamtölin.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

24.ágúst 2020

23.október 2020 (vetrarleyfi í grunnskólum)

4.desember 2020

12.febrúar 2021 - (sameiginlegur starfsdagur)

10.maí 2021 - (sameiginlegur starfsdagur)

21.apríl og 23.apríl -Farið í námsferð erlendis

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 – Dagatal 2020-2021

8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Vesturborgar

Íris Edda Arnardóttir

26.06.2020



Fylgiskjal 1

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Vesturborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S	31 M	31 M		31 M		

Starfsáætlun 2020 – 2021 Vesturborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Friðrikka Jónsdóttir

Ágústa Edwald

Hjalti Snær Ægisson



Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Vesturborgar 2020-2021 er vönduð og skýr, og endurspeglar þannig þau faglegu vinnubrögð sem eru viðhöfð á leikskólanum. Líkt og við var að búast setur COVID-19 mark sitt á skjalið, enda höfðu ráðstafanir vegna veirunnar gríðarleg áhrif á starfsemi leikskólans vorið 2020. Ekki verður annað séð en að viðbrögð starfsfólks og stjórnenda hafi verið í góðu samræmi við öll fyrirmæli Almannafróðunar, og er það vitanlega vísbending um að stjórnun þess daglega starfs sem er unnið á Vesturborg sé einnig almennt ábyrg og skynsamleg.

Af starfsáætluninni má sjá að félagsfærni og læsi eru meðal helstu áherslupáttanna í starfi Vesturborgar. Hvort tveggja er er afar mikilvægt fyrir börn á leikskólaaldri og það er því traustvekjandi að sjá hversu mikið vægi þessi atriði fá í stefnumótuninni. Áhersla á að örva málþroska skiptir miklu máli þegar hlutfall tvítyngdra barna er jafnhátt og raunin er á Vesturborg. Þau ummæli sem finna má í starfsáætluninni um framkvæmd matartíma hjá börnunum benda til þess að starfsfólkið skoði alla þætti hins daglega starfs með stefnumálin að leiðarljósi. Nokkur dæmi eru tilgreind um þætti í starfinu sem hafa verið endurskoðaðir, t.d. þar sem fjallað er um föstudagsflæði. Það er til fyrirmyndar að halda til haga þeim tilvikum þar sem gerðar hafa verið tilraunir sem ekki þóttu takast nægilega vel. Með þeim hætti er hægt að koma í veg fyrir að sömu mistökun verði gerð aftur. Starfsáætlunin bendir til þess að starf leikskólans sé í stöðugri endurskoðun og er það vel.

Líkt og fram kemur í starfsáætluninni fagna stjórnendur Vesturborgar öllum ábendingum og gagnrýni, enda er slíkt mikilvægur þáttur í því víðtæka samtali milli foreldra og starfsfólks sem þarf stöðugt að vera lifandi í leikskólastarfi. Ýmsir farvegir standa foreldrum til boða ef þeir vilja koma ábendingum til skila, bæði undir nafni og nafnlaust, og eru hugmyndakassarnir sérstaklega nefndir í því sambandi. Það er því ekki ætlun Foreldraráðs að setja fram gagnrýni á starfsemi leikskólans, hvorki varðandi einstaka þætti né starfið almennt, en við viljum gera athugasemdir við þrjú atriði sem eru ýmist ónefnd eða aðeins rædd lítillega í starfsáætluninni.

Fyrsta atriðið er hreyfing og útivist. Börnin á Vesturborg fá ýmiss konar hreyfingu, bæði í gönguferðum og á leiksvæði leikskólans, auk þess sem yngri deildirnar fá íþróttatíma í sal. Það væri mjög til bóta ef foreldrar fengju aukna fræðslu um það hvernig hreyfing er skipulögð og framkvæmd. Börnin á Suðurbæ hafa jafnan farið í íþróttatíma í íþróttahúsi KR einu sinni í viku, en þeir tímar voru lagðir af í mars af sóttvarnarástæðum. Það er óskandi að þetta góða starf verði tekið upp aftur að loknu sumarfríi. Í mars var tekið upp á því að láta foreldra sækja börn á útisvæði í lok dags, og var það umfram allt gert í nafni sóttvarna. Þetta þýddi að börnin fóru að jafnaði út að leika um kl. 15:30. Það er okkar tilfinning að



flestir foreldrar séu hlyntir mikilli útiveru hjá börnunum, og það að sækja börnin á útisvæði er því fyrirkomulag sem má gjarnan halda áfram að loknu sumarfrí – svo oft sem veður leyfir.

Annað atriðið sem okkur þykir að megi hnykkja betur á er upplýsingagjöf til foreldra. Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri hafa venjulega sent upplýsingapósta til foreldra á 1-3 vikna fresti og er þar greint frá málum er varða opnunartíma, viðburði á vegum leikskólans, breytingar í starfsliði o.s.frv. Póstar frá deildarstjórum hafa verið stopulli, en í þeim er sagt frá málum er einungis varða hverja deild og spjallað um það sem hefur verið efst á baugi undanfarið. Það væri gott að sjá þessa upplýsingapósta í aðeins fastari skorðum, t.d. þannig að þeir komi á föstum tímum og að tíðni sendinga verði samræmd á öllum deildum, því þannig gætu þeir orðið enn markvissari.

Þriðja atriðið varðar kennslu um fjölmenningu. Þar sem það stefnir í að um 40% nemenda á leikskólanum séu tví- eða fjöltyngdir þá má geta sér til að þau eigi fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Að okkar mati gefur það tilefni til þess að vinna með fjölmenningu innan skólans. Leikskólinn heldur upp á ýmsa þjóðlega hátíðis- og tyllidaga sem er jákvætt en huga mætti að því hvort ekki væri unnt að kynna á svipaðan hátt ákveðna þætti úr öðrum menningaheimum.

Leikskóladagatal næsta árs er að okkar mati í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Við samþykkjum starfsáætlunina og þökkum starfsfólki Vesturborgar fyrir vönduð vinnubrögð og þann mikla metnað sem það leggur í störf sín.



